

Fundur skipulags- og samgönguráðs 27. maí 2020:

*Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins – US200178, USK2020060047*

Það hefur verið mikil óánægja með hvernig meirihlutinn hefur gengið fram í að loka ákveðnum götum fyrir umferð í miðbænum. Nú er liðið á annað ár frá því að það kom í ljós að lokun umferðar hafði verulega slæm áhrif á verslun í miðbænum. Heimsóknnum Íslendinga sem búa annars staðar í miðbænum hefur snarfækkað. Framkvæmdir og breytingar á aksturstefnu Laugavegar settu strik í reikninginn. Á meðan ferðamannastraumur var mikill þrífust barir, veitingastaðir og minjagripir vel en verslanir sem höfðuð meira til landans fundu áþreifanlega fyrir vaxandi áhugaleysi á komum í miðbæinn. Einar þrjár kannanir hafa verið gerðar og allar sýna þær sama mynstur. Spurningar voru m.a. hvort viðkomandi var hlynntur göngugötum og hvort hann væri minna eða meira líklegur að heimsækja miðbæinn eftir að loka væri fyrir umferð. Niðurstöður eru skýrara. Fólki líkar ekki þessar breytingar. Í framhaldinu vill fulltrúi Flokks fólksins leggja fram fyrirspurnir:

1. Hefur verið gerð rannsókn á því hvaða áhrif lokun Laugavegarins hefur á umferð um íbúagöturnar í kring, Grettisgötu, Njálsgötu og Bergþórugötu?
2. Hefur umferð um þessar götur verið mæld?
3. Liggja fyrir einhver töluleg gögn sem styðja þá fullyrðingu um að mannlíf og verslun aukist með fleiri göngugötum?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.